

# LAGABREYTINGARTILLAGA

## 26. GREIN LAGA BÍS UM FASTARÁÐ



Stjórn BÍS leggur til að við 26. grein laga um fastaráð BÍS bætist 4. málsgrein sem er að finna í grænu.

### 26. GREIN

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið á Ungmennahöfðingi. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátahöfðings eða fundarboði Ungmennahöfðings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Láti einhver meðlimur fastaráðs af störfum eða ef um langvarandi fjarveru er að ræða á milli kosningaára skal uppstillingarnefnd boðuð til að leita skáta til að koma í stað viðkomandi fram að næsta aðalfundi og félagsföngingjar upplýstir.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarföngingja og flokksföngingja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

**Flytjendur tillögu:** Stjórn BÍS ásamt Berglinði Lilju Björnsdóttur, Reyni Tómasi Reynissyni og Sædís Ósk Helgadóttur meðlimum uppstillingarnefndar



## Greinagerð:

Á Skátapingi 2020 var í fyrsta sinn kjörið í fastaráð í núverandi mynd þar sem a.m.k. þrír einstaklingar eru kjörnir í fastaráð til tveggja ára. Þar áður voru ávallt kjörnir 5 fulltrúar í hvert ár til eins árs í senn.

Nú síðast var kjörið í fastaráðin á Skátapingi í apríl 2022 en síðan þá hafa 5 afsagnir borist úr hinum ýmsu ráðum. 2 úr ungmennaráði, 2 úr útilífsráði og 1 úr alþjóðaráði.

Um leið og sú fyrsta barst haustið 2022 varð stjórn og Skátamiðstöð ljóst að ekki væri ákvæði í lögum um hvernig ætti að fylla í ráðið. Slíkt ákvæði var heldur ekki til staðar áður en nýtt fyrirkomulag kosninga var tekið upp. Enda mótast löggin af venjum og/eða þörf og þegar verið var að skipa 5 fulltrúa í hvert fastaráð á árs fresti var staka afsögn ekki jafn líkleg til að skerða störf ráðsins og aldrei svo langt í að ráðið yrði fullskipað aftur.

Í 23. grein laga BÍS um kosningu stjórnar BÍS er eftirfarandi ákvæði að finna: „Láti einhver stjórnarmanna af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnarmanns er að ræða á milli aðalfunda skal félagsforingjafundur í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.“

Síðast var þessu ákvæði beitt þegar Þórhallur Helgason kom inn í stjórn BÍS í stað Dagmar Ýrar Ólafsdóttur sem sagði sig úr stjórn vegna anna.

Það er í anda þessa ákvæðis sem við gerum tillögu um að það sé í höndum uppstillingarnefndar að bregðast við þegar fulltrúar segja sig úr ráðum eða verða óvirk.

Við setjum ekki jafn ríka kröfu um hlutdeild félagsforingja í að skipa í lausa stöðu í fastaráði og er gert fyrir lausa stöðu í stjórn þar sem ráðin hafa mun minna umboð og afmarkaðra verksvið en stjórnarfolk BÍS. Þó sé fest í lögum að upplýsa skuli félagsforingja þegar nýtt fólk sé skipað í ráðin með þessu móti.

Við teljum að uppstillinganefnd ætti ekki að hafa of bundnar hendur í þessu ferli og leggjum því ekki til frekara verklag í lögum. Stjórn boðar uppstillinganefnd til starfa og mun leggja til að stöður séu auglýstar lausar, en það er mikilvægt að uppstillinganefnd geti lagt mat á hæfni fólks og leitað út fyrir hóp umsækjenda þegar það á við.

